

Til stjórnar FG-Félags grunnskólakennara

Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2007

## 1. Framkvæmd endurskoðunarinnar:

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningi FG. Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum að því marki sem við töldum nauðsynlegt í tengslum við endurskoðun á ársreikningi félagsins. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits með einstökum þáttum í starfseminni. Við endurskoðunina voru afstemmingar yfirfarnar og tilvist og mat eignaliða sannreynt.

## 2. Áherslur og athugasemdir:

- Bankaafstemmingar voru yfirfarnar og reyndust þær í lagi.
- Staðfest var að samræmi sé á milli gjaldfærðra launa og launakerfis KÍ.
- Hreyfingarlisti var lesinn yfir og færslur skoðaðar m.t.t. uppáskriftar og bókunar. Nokkur atriði reyndust ekki vera í lagi. Áritun vantaði á fimm fylgiskjöl. Í einu tilfalli var bókun ekki í samræmi við merkingu. Í nokkrum tilfellum voru reikningar færðir á greiðsludegi en ekki á útgáfudegi.
- Kannaðar FG endurgreiðslur til trúnaðarmanna. Bendum á að gjaldfærðar fyrirframgreiðslur á einu ári vegna næsta árs sem og svo eftirá bókanir vegna fyrra árs eru til þess fallnar að spurningar vakna og skýringa er þörf. Þó fyrirkomulagi sé breytt þá gildir reglan að bóka á þann kostnað til gjalda á því ári sem það tilheyrir ef þess er kostur.
- Launaliður nefnda hækkar um 2,1 millj. króna milli ára og skýrist það af mikilli vinnu samninganefndar með LN sem og vinnu við undirbúning saminga.
- Staðfest var að framlag úr félagssjóði sé í samræmi við samþykktir.
- Kannað var hvort framlag til svæðafélaga sé í samræmi við fjárhagsáætlun. Færð var lokafærsla á samþykktu viðbótarframlagi upp á 2 millj.króna sem reyndist óbókað.
- Lán til svæðafélags sem var gjaldfært leiðrétt og fært sem krafa, um er að ræða tæpar 1,9 millj.króna.
- Staðfest var að afstemming á viðskiptareikningi við félagssjóð KÍ sé rétt.

Einnig var veitt aðstoð við uppsetningu á ársreikningi félagsins og sundurliðunum.

Að teknu tilliti til þess sem hér að ofan greinir leiddu kannanir þessar í ljós að framkvæmd og skipulag bókhalds og afstemminga er nokkuð gott og ekki um neinar athugasemdir að ræða.

### **3. Niðurstaða:**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu FG á árinu 2007 og efnahag þess í árslok og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög.

Reykjavík, 3. mars 2008

Ernst & Young hf.

Margrét Pétursdóttir  
endurskoðandi